



Samningur um séreignarsparnað

1 Samningur um séreignarsparnað milli sjóðfélaga og Séreignar LSR

Undirrituð/-aður, hér eftir nefnd(ur) sjóðfélagi, og Séreign LSR gera með sér eftirfarandi samning um reglulegan viðbótarlífeyrissparnað.

2 Upplýsingar um sjóðfélagi og launagreiðanda

Sjóðfélagi _____ Kt. _____

Heimili _____

Póstnúmer _____ Staður _____

Netfang _____

Sími - Gsm _____

Launagreiðandi _____ Kt. _____

3 Iðgjald

Sjóðfélagi óskar eftir að greiða mánaðarlegt iðgjald af heildarlaunum til Séreignar LSR sem hér segir:

4% (hámark) 2% _____ % (annað)

4 Aðeins fyrir sjóðfélaga í B-deild – viðbótargreiðsla iðgjalda

Sjóðfélagi óskar eftir að greiða viðbótariðgjald (hámark 4%):

_____ % af yfirvinnu. Fyrir sjóðfélaga sem eru enn að greiða skylduiðgjald af dagvinnulaunum.

_____ % af heildarlaunum. Fyrir sjóðfélaga sem eru iðgjaldafriir.

5 Val um fjárfestingarleið

Ath: Nánari upplýsingar um fjárfestingarleiðir má finna í lið 7 hér fyrir neðan og einnig í lykilupplýsingaskjölum sem vísað er til í lið 6.

Sjóðfélagi óskar eftir að iðgjald verði ávaxtað samkvæmt einni af eftirfarandi fjárfestingarleiðum:

Leið I verðbréfaeið með áherslu á hlutabréf

Leið II verðbréfaeið með áherslu á skuldabréf

Leið III innlánsleið

Sér-leið I færir iðgjald og inneign sjóðfélaga úr Leið I í Leið III við 55 ára aldur

Sér-leið II færir iðgjald og inneign sjóðfélaga úr Leið II í Leið III við 55 ára aldur

6 Lykilupplýsingar og upplýsingar um áhættu sem tengist sjálfbærni

Lykilupplýsingaskjal með upplýsingum um séreignarsparnaðarleiðir er að finna á vefsíðu LSR á eftirfarandi slóð: <https://www.lsr.is/sereign/lykilupplýsingar/> Þar er að finna lykilupplýsingar um eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af séreignarsparnaðarleiðum LSR. Þar er einnig að finna upplýsingar um hvernig áhættu sem tengist sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir.

Sjóðfélagi staðfestir með undirritun sinni að hafa fengið afhent og kynnt sér lykilupplýsingaskjal með góðum fyrirvara ásamt upplýsingum um hvernig áhættu sem tengist sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir. Sjóðfélagi gerir sér grein fyrir að mikilvægt er að hann kynni sér vel lykilupplýsingar áður en hann undirritar samning um séreignarsparnað. Sjóðfélagi staðfestir að hann hafi valið að fá lykilupplýsingaskjalið afhent á vefsíðu LSR á ofangreindri slóð í stað þess að fá það afhent á pappír.

Dagsetning undirritunar

Undirritun sjóðfélaga

F.h. Séreignar LSR

7 Nánar um fjárfestingarleiðir

Séreign LSR býður upp á þrjár mismunandi fjárfestingarleiðir auk Sér-leiðar.

	Sveiflur í ávöxtun	Aldur í Sér-leið
Leið I	Meiri sveiflur	54 ára og yngri
Leið II	Minni sveiflur	54 ára og yngri
Leið III	Lágmarkssveiflur	55 ára og eldri

Leið I: Samkvæmt fjárfestingarstefnu er vægi hlutabréfa hærra en vægi skuldabréfa sem þýðir að sveiflur í ávöxtun geta orðið nokkrar. Leið I hentar þeim sem eiga mörg ár til starfsloka og hafa því tímann fyrir sig til að jafna út sveiflurnar.

Leið II: Samkvæmt fjárfestingarstefnu er vægi skuldabréfa hærra en vægi hlutabréfa sem þýðir að sveiflur í ávöxtun verða minni en í Leið I og áhættan þ.a.l. minni. Leið II hentar þeim sem eiga þó nokkur ár til starfsloka en vilja taka miðlungsaðhættu og vilja litlar sveiflur í ávöxtun.

Leið III: Samkvæmt fjárfestingarstefnu er séreignarsparnaðurinn ávaxtaður að öllu leyti á verðtryggðum innlánsreikningum. Þessi leið hentar einkum þeim sem eiga skammt í lífeyristöku eða þeim sem vilja lágmarks áhættu og lágmarka sveiflur í ávöxtun.

Sér-leið

Sér-leið LSR er þægilegt sparnaðarform sem hefur það markmið að fjárfestingarstefna fylgir aldri sjóðfélaga og áhættuvali hans. Það er eðlilegt að draga úr vægi áhættumeiri fjárfestinga eftir því sem fólk eldist og nær dregur lífeyrisgreiðslum. Fyrirkomulag Sér-leiðar er með þeim hætti að sjóðfélagar upp að 55 ára aldri velja á milli Leiðar I og Leiðar II. Í Leið I veiga hlutabréf þyngra en í Leið II, en þar er áhersla lögð á skuldabréf. Við 55 ára aldur flyst eign sjóðfélaga í jöfnum greiðslum á 36 mánuðum yfir í Leið III. Þegar flutningur er framkvæmdur er sjóðfélögum send tilkynning þess efnis.

Góð ávöxtun og rétt eignasamsetning sparnaðar er lykillinn að góðum lífeyri. Fjárfestingarstefnurnar eru til lengri tíma en frávik í eignasamsetningu geta verið til skemmri tíma. Frekari upplýsingar og ráðgjöf um fjárfestingarleiðir má nálgast á heimasíðu LSR, www.lsr.is, eða hjá þjónusturáðgjöfum LSR í síma 510-6100, einnig má senda fyrirspurnir á netfangið sereign@lsr.is.

8 Iðgjald og innheimta

Mánaðarlegt iðgjald skal innt af hendi með því að launagreiðandi sendir greiðslu á reikning Séreignar LSR nr. 0334-26-58850, kt. 421198-2259, lífeyrissjóðsnúmer 670. Innborgun skal hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum frá undirritun samnings þessa. Aðilar staðfesta með undirritun sinni efni samnings þessa og samþykkja með undirritun sinni að hlíta reglum sem um samning þennan gilda sbr. 1. kafla samþykktu LSR. Samningur þessi er uppsæjanlegur með tveggja mánaða fyrirvara. Samningurinn er gefinn út í þremur samhljóða eintökum og fá samningsaðilar og launagreiðandi sitt eintakið hver. Vakin er athygli á því að Ábyrgðasjóður launa ábyrgist allt að 4% af iðgjaldsstofni samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd, sbr. III. kafla reglugerðar nr. 462/2003. Með undirritun veitir þú LSR fullt og ótakmarkað umboð til að hefja grunninnheimtu þér að kostnaðarlausu komi til vanskila á iðgjaldi. Því er afar brýnt að LSR fái án tafar upplýsingar um vanskil á iðgjaldagreiðslum.

Innborganir í viðbótarlífeyrissparnað koma til frádráttar skattstofni og því reiknast tekjuskattur við útborgun lífeyris. Heimilt er að draga frá greidd lífeyrisiðgjöld sem nema allt að 8% af heildarlaunum frá skattstofni. Skylduiðgjald í lífeyrissjóð er 4% sem gefur svigrúm til 4% iðgjalds af heildarlaunum í séreignarsjóð.

Aðeins fyrir sjóðfélaga í B-deild – viðbótargreiðsla iðgjalda

Heimilt er að greiða aukalega af yfirvinnulaunum að hámarki 4% fyrir þá sjóðfélaga sem enn greiða skylduiðgjald og að hámarki 4% aukalega af heildarlaunum fyrir þá sem eru iðgjaldafriir, til að fullnýta frádrátt frá skattstofni.

9 Útborgun

Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 60 ára, á rétt á að fá lífeyrissparnað sinn greiddan þó aldrei fyrr en tveimur árum eftir fyrstu innborgun. Eigi síðar en við upphaf lífeyristöku skulu sjóðfélagar í séreignardeild gera skriflegan samning um útborgun séreignar. Við andlát sjóðfélaga, fellur eign hans í séreignardeild til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti réttthafi ekki eftir sig börn eða maka, skal innstæðan renna til dánarbús réttthafa án takmarkana 2. ml. 2. mgr. 8. gr. laga 129/1997. Sjóðfélagi, sem verður að hætta störfum vegna varanlegrar heilsubilunar, áður en hann nær 60 ára aldri á rétt á mánaðarlegum eða árlegum greiðslum, á eigi skemmri tíma en 7 árum. Nú er örorka metin minni en 100% og lækkar þá árleg endurgreiðsla í sama hlutfalli og endurgreiðslutíminn lengist sem því svarar. Heimilt er skv. ákvörðun sjóðfélaga að víkja frá fyrrgreindum reglum, ef inneign sjóðfélaga er undir kr. 500.000. Skal viðmiðunarfjárhæð þessi breytast árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig. Með jöfnum greiðslum er hér átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára, þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem svarar til tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímmanum.

10 Uppsögn

Samningi um greiðslur iðgjalds til séreignardeildar er hægt að segja upp með tveggja mánaða fyrirvara. Samningurinn fellur þó úr gildi ef sjóðfélagi hættir störfum, sem veita aðild að lífeyrissjóðum skv. 1.mgr. 96.gr. samþykktu LSR, nema hann óski þess að halda áfram að greiða til séreignardeildar. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu eða réttinda. Aðilar samnings um lífeyrissparnað geta samið um að flytja innstæðu eða réttindi eftir uppsögn milli þeirra, sem boðið geta upp á samninga af þessu tagi sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr.129/1997 gegn greiðslu kostnaðar.